



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Baldur P. Erlingsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2010

Málefni: Umsögn um drög að reglugerð merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVÍ-Samtök verslunar og þjónustu leggjast eindregið gegn því að reglugerðin verði staðfest eins og hún er nú. Drögin ganga mun lengra en í samkeppnislöndum, reglurnar munu torvelda útflutning og lækka verða á útflutnum afurðum, hækka vöruberð innanlands og hafa slæm áhrif á afkomu fyrirtækja og heimila í landinu.

Samtökin telja nauðsynlegt að fram fari ítarlegt mat á áhrifum reglugerðarinnar og óboðlegt að drögin séu send til umsagnar án þess að slíkt mat fylgi. Samtökin lýsa sig reiðubúin að koma að frekari vinnu við að gera reglurnar þannig úr garði að þær skerði ekki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Samtökin gera ekki athugasemdir við að settar séu reglur um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og fóðurs en leggja eindregið til að verði það gert verði samræmdar reglur Evrópusambandsins teknar upp að fullu hér á landi. Þannig verður gagnsæi reglnanna tryggt, sem og að sömu reglur gildi um innlenda framleiðslu og innflutta.

Athugasemdir samtakanna fara hér á eftir.

Almennt um reglugerðardrögin:

Samtökin mótmæla harðlega þeim drögum sem nú liggja fyrir, enda ganga nokkur ákvæði þeirra mun lengra og eru strangari en sambærilegar reglugerðir í nágrannalöndunum. Þau skerða þannig samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu og hafa veruleg áhrif á frjálst vöruflöði á evrópska efnahagssvæðinu. Að óbreyttu er ljóst að verulegur kostnaðarauki mun hljótast af reglunum, bæði fyrir innflytjendur matvæla og innlenda framleiðendur. Þessi kostnaður mun koma fram í vöruberði.

Drögin gera ráð fyrir að sérmerkja skuli afurðir allra dýra sem fóðruð eru á erfðabreyttu fóðri, hluta líftíma dýrsins eða hann allan. Engin vísindaleg rök hafa sýnt að erfðabreytt efni greinist í viðkomandi afurð og því eru þessi sérákvæði einungis fallin til þess að afvegaleiða neytendur. Á sama tíma skaða þau ímynd og samkeppnisstöðu íslenskra landbúnaðararfurða, þar sem verulegar líkur eru á að í öllu kjarnfóðri séu einhverjur þættir upprunnir frá erfðabreyttum lífverum. Þetta ákvæði mun einnig hafa ófyrirséð áhrif á innflutning matvæla til landsins, sér í lagi samsettra matvæla. Því mótmæla samtökin þessu ákvæði harðlega.

Samtökin benda á að hér er um vísindalega rangtulkun að ræða. Samkvæmt skilgreiningu á erfðabreytingu verður skepna ekki erfðabreytt við að borða

erfðabreytt fóður. Erfðaefnið er brotið niður í meltingarvegi og hefur ekki áhrif á skepnuna. Engin rökstuðningur er gefinn fyrir þessari tillögu ráðuneytisins og er hún óskiljanleg.

Samtökin benda á að ýmsir framleiðendur, s.s. á sviði landbúnaðar, munu eiga afar erfitt með að skilja á milli framleiðslu sem annars végar byggir á fóðri sem unnið er úr erfðabreyttum afurðum og hins végar því sem það á ekki við um. Kostnaður við framleiðslu mun ennfremur hækka, verði framleiðendum gert skylt að aðskilja framleiðslu og slíkt nánast óframkvæmanlegt.

Þá mun útflutningsstarfsemi margra fyrirtækja bíða hnekki þar sem framleiðslukostnaður er lægri sé notast við erfðabreytt fóður. Fyrir ýmsa vöruflokka mun það reynast afar neikvætt verði þeir allir merktir sem erfðabreytt matvæli eftir séríslenskum reglum. Kann það að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir ímynd íslenskra vara.

Vöruperð mun hækka verulega að óbreyttu. Smásoluverð á ýmsum vörum er ekki hátt en kostnaður við að breyta umbúðamerkingum eða það að sérmerkjá hverja einingu matvöru er hlutfallslega mjög hár. Ljóst er að vinsæl samsett matvæli munu þurfa sérmerkingu. Dæmi um samsett matvæli er pizza með skinku framleidd á Ítalíu. Í hana er notað hveiti, sósa (úr tómötum), ostur (úr mjólk) og skinka (úr grísakjöti). Ákvæði reglugerðardraganna segja að komi hveitið og tómatarnir úr hefðbundinni ræktun, en hafi kýrin eða grísinn verið fóðruð til skemmri eða lengri tíma á kjarnfóðri, með erfðabreyttu innihaldsefni, skuli varan bera sérmerknguna „erfðabreytt matvæli“. Ekki er krafist þessarar merkingar í Evrópu, en komi varan til Íslands þá skal hún sérmerkt. Þetta er augljóslega ótækt og mun hafa áhrif á vöruframboð auk þess að verða túlkað sem tæknileg viðskiptahindrun gagnvart frjálsu vöruflæði innan EES svæðisins.

Fyrirséð er að erfitt verður fyrir bæði stjórnendur matvælafyrirtækja og íslenska eftirlitsaðila að fylgja þessum reglum. Ekki er gerð krafa í öðrum löndum um að þessar að upplýsingar fylgi vörum sem hingað koma og því erfitt að afla þeirra. Ljóst er að markmið reglugerðarinnar um að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar næst ekki með þessari reglugerð.

Samtökin benda á að aðlögunarfrestur samkvæmt bráðabirgðaákvæði draganna er allt of stuttur. Allar breytingar á umbúðum taka tíma og hafa kostnað í för mér sér. Því er það sjálfsögð krafa að framleiðendur fái rúman frest til að gera nauðsynlegar breytingar. Lágmark er að allir fái 18 mánaða aðlögunartíma og að undanþága verði veitt til að nota umbúðir sem til eru á lager til að koma í veg fyrir óþarfa soun.

Samtökin taka að lokum undir efnisatriði í umsögnum Landssambands fiskeldissstöðva og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Héðinsdóttir

Ragnheiður Héðinsdóttir
Samtök iðnaðarins

Pétur Reimarsson

Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins

Ólafur Reynir Guðmundsson
Ólafur Reynir Guðmundsson
SVP – Samtök verslunar og þjónustu